

Aðalfundur Betadeildar 25. apríl 2008
haldinn á heimili Jóhönnu S. Þorsteinsdóttur að Kleifargerði 3

Dagskrá

1. Setning fundar.
2. Fundargerð síðasta fundar lesin.
3. Orð til umhugsunar.
4. Aðalfundarstörf.
 - Skýrsla stjórnar.
 - Frá gjaldkera.
 - Kosning nýrrar stjórnar.
 - Tillaga að lagabreytingu.
5. Önnur mál.
 - Vorþing 17. maí í Menntaskólanum í Kópavogi.
 - Happdrættið verður á sínum stað svo og pyngjan góða.

1. María setti fundinn og bar kveðjur frá fjarstöddum konum. Hún nefndi að breyting hefði orðið á fundaáætlun Betadeildar. Felldur var niður einn fundur og efni hans frestað til haust og aðalfundi hefur nú verið flýtt, þannig að fundir vetrarins verða alls sex. María kynnti síðan dagskrá aðalfundarins.

2. Fundargerð síðasta fundar var lesin og samþykkt.

3. Aðalfundarstörf.

María flutti skýrslu stjórnar. Hún rifjaði upp ýmis atriði úr starfi Betadeildar síðustu tvö ár. Nefndi hún að starfið hefði einkennst af góðri fundarsókn og samkennd í hópnum.

Jóhanna gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu reikninga, en fjárhagsárið verður þó ekki gert upp fyrr en í haust.

María mælti fyrir tillögu til lagabreytingar. Lagt var til að hækka félagsgjöld Betadeildar í kr. 10.000, en hætta að innheimta sérstakt gjald á fundum fyrir kaffi og happadrætti. Tilgangur þessa er að auka fjárhagslegt svigrúm deildarinnar, en einungis lítill hluti félagsgjaldanna hefur hingað til orðið eftir hjá Betadeild, þar sem meirihlutinn hefur runnið til Landsambands. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Kosning nýrrar stjórnar. Uppstillinganefnd, skipuð þeim Mögnu og Helgu, lagði til að í næstu stjórn yrðu Eygló Björnsdóttir formaður, Þorgerður Sigurðardóttir, Guðrún Björnsdóttir og Sigrún Aðalgeirsdóttir. Ný stjórn var samþykkt með lófataki.

4. Orð til umhugsunar voru flutt af Halldóru Haraldsdóttur. Hún fjallaði um nauðsyn þess að virðing og umhyggja séu leiðarljós í starfi kennarans og skólastarfi almennt. Þetta séu um leið gildi sem leggja þurfi til grundvallar í þjóðfélaginu öllu. Halldóra minnti á að DKG-konur hefðu skuldbundið sig til umhyggju hver fyrir annarri. Um leið minnti hún fundinn á stuðning Betadeildar við UNICEF. Í framhaldi af þessu lagði María til að kaffigjald þessa fundar rynni í söfnunarpyngjuna.

5. Önnur mál.

Ragnheiður Kjærnested fékk afhenta afmælisgjöf.

María minnti á vorþing DKG; Heimurinn er heima – íslensk fjölmenning í lífi og starfi, námi og leik - sem haldið verður 17. maí í Menntaskólanum í Kópavogi. María lagði til að þær konur sem hugsa sér að fara á þingið skrifi sig á lista svo hægt sé að hafa samráð um ferðir og gistingu.

María gerði stutta grein fyrir niðurstöðum kliðfundar á síðasta fundi Betadeildar þar sem rætt var um stuðning við nýja kennara. Komu þar fram ýmsar góðar ábendingar sem lagt var til að settar yrðu á heimasíðu deildarinnar.

María sagði frá fyrirspurn sem send var lögsögumanni landsambandsins vegna inntöku nýrra félaga. Í svörum lögsögumanns kemur fram að hver atkvæðagreiðsla um nýja félaga sé nýtt og afmarkað ferli og því megi bera aftur upp nöfn sem ekki hlutu samþykki við fyrri atkvæðagreiðslu. Fyllsta trúnaðar skal gætt varðandi nöfn sem borin eru upp og gögnum um atkvæðagreiðslur skal eytt. Ný félagskona, sem þegið hefur boð samtakanna, skal tekin inn innan 12 mánaða frá atkvæðagreiðslu.

Anna Þóra landsambandsforseti tók til máls. Hún bar kveðjur frá Eta-deild, þar sem hún var viðstödd inntöku. Anna Þóra fjallaði um vorþingið. Ólíkt landsambandsþingi stendur vorþing einungis einn dag. Dagskrá liggur fyrir á vefsíðu DKG og skráning og greiðsla þátttökugjalds fer einnig fram þar. Fréttabréf landsambandsins er nú væntanlegt og verður sent heim til félagskvenna. Anna Þóra greindi frá að 8 íslenskar konur fari á alþjóðþing í Chicago og þrjár hafa þar málstofur. Vigdís Finnbogadóttir verður kynnt sérstaklega á þinginu, eftir að hafa verið valin úr fleiri tilnefningum. Á vegum Evrópusvæðisins er verið að gera kynningarmyndband þar sem birtast svipmyndir úr starfi íslensku deildanna, ásamt landslagsmyndum. Eygló Björnsdóttir hefur unnið að þessu. Á Chicago-þinginu verður einnig sýnt viðtal sem tekið hefur verið við tvær konur úr Betadeild, Ernu og Rósu, þar sem þær segja frá því hvers vegna þær eru í DKG.

Eftir að fundi hafði verið formlega slitið settust Betakonur að veislu. Allar höfðu lagt eitthvað á borð með sér og að venju svignuðu borð undan góðgætinu. Dregið var í happadrættinu hefðbundna og nú fékk Ragnheiður Stefánsdóttir vinninginn. Með þessari notalegu samverustund lauk vetrarstarfi Betadeildar veturinn 2007 – 2008.

Selma Hauksdóttir